

EFTIRLITSSKÝRSLA



Háskóli Íslands (Stefán Ragnar) Keldur, tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði

Dags eftirlits	14.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Stefán Ragnar)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Keldur, Keldnavegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Ragnar Jónsson	ÍSAT nr.	85.14.3
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Tilraunastöðvarinnar að Keldum fyrir starfsemi með erfðabreyttar örverur. Engin frávik komu fram en ein ábending var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2 í leyfi)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)
4. Skoðunarferð

Um er að ræða leyfi fyrir starfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki I og II. Fram kom í eftirliti að ekki væri fyrirhugaðar breytingar á starfseminni. Leyfið fellur úr gildi 29. nóvember 2022 og var rekstraraðila bent á að sé fyrirhugað áframhald á starfseminni þá þurfi að hafa samband við Umhverfisstofnun með góðum fyrirvara til að endurnýja leyfið.

Farið var yfir ákvæði leyfisins er varða varnir gegn mengun ytra umhverfis og innra eftirlit rekstraraðila og var ekki tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að hafa samband við Umhverfisstofnun með góðum fyrirvara sé ætlunin að halda áfram starfseminni eftir að gildistími rennur út.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.12.2020

Sigríður Magnúsdóttir